



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 29. apríl 2021

Efni: Umsögn embætis ríkislögreglustjóra um frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni nr.65/1974

Niðurstaða: Embætti ríkislögreglustjóra getur ekki stutt frumvarp þetta í núverandi mynd

Forsendur:

- Lagt er til í frumvarpi þessu að orðin „varsla“ og „á sama hátt“ í 1. og 2. mgr. í annarri grein núgildandi laga 65/1974 falli brott. Að mati ríkislögreglustjóra er hér gengið lengra en markmið frumvarpsins (þ.e. afglæpavæðing neysluskammta til eigin nota) ber með sér og varsla fíkniefna samkvæmt frumvarpinu gerð refsilaus.
- Líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu nánar tiltekið í 3. kafla Samanburður við önnur ríki þá er „varsla“ fíkniefna til eigin nota refsiverð í Portúgal sjá bls. 6, kafla 3.2.1. þriðja efnisgrein „... varsla á fíkniefnum til eigin nota varðar enn viðurlögum í Portúgal.“ Í kafla 3.2.4. Önnur lönd kemur fram að í Danmörku telst „varsla“ fíkniefna refsivert athæfi, í Svíþjóð telst „varsla“ fíkniefna lögbrot, í Finnlandi varðar „varsla“ fíkniefna sektum eða fangelsi. Í Hollandi er „varsla“ fíkniefna ólögleg og varðar refsingum. Í Bretlandi varðar „varsla“ fíkniefna refsingum. Í Frakklandi er „varsla“ fíkniefna lögbrot. Í Kanada er „varsla“ fíkniefna lögbrot. Að endingu er fjallað um Þýskaland í kaflanum og þar fram kemur að allt að fimm ára fangelsi liggur við „vörslu“ fíkniefna.
- Að framansögðu er ljóst að í þeim ríkjum veraldar sem talin eru hafa hvað mildasta löggjöf er fíkniefni varðar og í þeim ríkjum er hafa sem líkasta samfélagsgerð (Norðurlönd) er „varsla“ fíkniefna refsiverð (skv. greinargerð frumvarpsins). Að mati embætis ríkislögreglustjóra mætti skilgreina betur hvað fellur undir hugtökin „varsla“ og „til eigin nota“. Ef hugtökin eru ekki skilgreind ítarlega getur hugsanlega komið til mismunandi túlkunar á ákvæðum laganna sem kann að gera lögreglu erfiðara um vik að framfylgja lögnum.
- Embætti ríkislögreglustjóra tekur undir með þeirri hugsun sem fram kemur í frumvarpinu að brýnt sé að snúa af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna og að leggja beri áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Embætti ríkislögreglustjóra bendir ennfremur á mikilvægi þess að nýta fjölbreytt úrræði m.a. hjá lögreglu til að styðja þá sem vilja komast út úr neyslu m.ö.o. áherslan flytjist frá refsingu að stuðningi. Hér má benda á stafrænar lausnir svo sem vefspjall við þjálfaða sálfræðinga og einstaklingsbundna netdagbók með skrifaðri endurgjöf. Huga mætti að því í löggjöfinni að gera lögreglu kleift að bjóða upp á önnur úrræði en sektargerðir þegar að ákvarðanir eru teknar um afgreiðslu minniháttar brota í þessum málaflokki.
- Það er mat embætis ríkislögreglustjóra að heillavænlegt sé að niðurstöður stefnumótunar í málaflokki og samráð við hagsmunaaðila þ.m.t. lögreglu liggja fyrir áður en endanlegt frumvarp til breytinga á lögum 65/1974 er lagt fyrir Alþingi.